

Innra mat leikskólans Akurs

Skólaárið 2025 – 2026



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Einkenni leikskólans, stjórnun og rekstur	3
Stefna og markmið	3
Innra mat leikskólans	4
Líðan og þroski barna og foreldrasamstarf	4
Matstæki á líðan og þroska barna:	4
Skráningarblað f. hópatíma.	4
Talningablað fyrir hópatíma.	4
Skráningarblað fyrir val	5
Talning á vali.	5
Gátlisti fyrir valfundi og valsæði	5
Sérkennsla/stuðningur	5
Gátlistar fyrir foreldraviðtöl	5
TRAS	6
Foreldrakönnun Hjallastefnuskóla	6
Myndasafn leikskólans	6
Útskriftarbók (ferilmappa/portfolio)	6
Óformlegt mat á ýmsum þáttum	7
Starfsfólk og stjórnun	7
Starfsfólkskönnun	7
Starfsskýrsla	8
Teymiskennsla	Error! Bookmark not defined.
Forföll, fjarvera og önnur rekstrarleg skráning	8
Þróunarverkefni	8
Skólanámskrá leikskólans	9
Aðbúnaður og eftirlit opinberra aðila	9
Ytri tengsl	10
Samantekt og lokaorð	10
Listi yfir fylgigögn	Error! Bookmark not defined.

Inngangur

Markmið þessarar skýrslu er að draga saman helstu niðurstöður innra mats leikskólans Akurs skólaárið 2025 – 2026 og gera grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar eru til að tryggja gæði og stöðugar umbætur í starfi skólans. Innra matið byggir á 18. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 þar sem kveðið er á um skyldu leikskóla til að framkvæma kerfisbundið mat á árangri og gæðum skólastarfs með virkri þátttöku starfsfólks, foreldra og barna.

Innra mat leikskólans Akurs er órjúfanlegur hluti af gæðastjórnun Hjallastefnunnar ehf. og felur í sér stöðuga sjálfsrýni á öllum þáttum starfsins, jafnt í faglegu starfi sem og í rekstri. Markmiðið er að tryggja að starfsemi leikskólans sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og Aðalnámskrá leikskóla, ásamt því að auka gæði starfsins og stuðla að umbótum í þágu barna og fjölskyldna þeirra.

Skýrslan byggir á fjölbreyttum gögnum, svo sem formlegum og óformlegum matslistum, foreldraviðtölum, könnunum meðal starfsfólks, talningarblöðum, gátlistum og úttektum Hjallastefnunnar. Niðurstöður þessara þátta eru nýttir til umbótastarfs, ákvarðanatöku og stefnumótunar innan leikskólans.

Einkenni leikskólans, stjórnun og rekstur

Leikskólinn Akur er sex kjarna leikskóli og rúmar u.þ.b. 132 nemendur á aldrinum átján mánaða til fimm ára. Leikskólinn er staðsettur við Tjarnabraut 1 í Reykjanesbæ og er opinn frá klukkan 7:45 til 16:15 alla virka daga. Leikskólinn er sjálfstætt starfandi Hjallastefnuleikskóli rekinn af Núrgis ehf. á grundvelli þjónustusamnings við Reykjanesbæ frá haustinu 2025. Áður en Akur varð sjálfstætt starfandi var hann rekinn af Hjallastefnunni ehf. Leikskólastýra og ábyrgðaraðili starfseminnar er Sigrún Gyða Matthíasdóttir. Akur starfar í faglegu samstarfi við Hjallastefnuna og nýtur þaðan ráðgjafar, stuðnings og aðkomu að sameiginlegu þróunar- og gæðastarfi.

Stefna og markmið

Leikskólinn Akur starfar eftir lögum um leikskóla og fylgir gildandi reglugerðum þar að lútandi. Hjallastefnan, og þar af leiðandi leikskólinn Akur, starfar eftir tvennum námskrár markmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir Aðalnámskrá leikskóla og uppfylla öll markmið hennar. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem einstaklings styrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli. Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið Aðalnámskrár eru fléttuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissari hætti í hópatímum.

Innra mat leikskólans

Samkvæmt 18. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 ber öllum leikskólum að meta kerfisbundið árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsfólks, foreldra og barna eftir því sem við á. Upplýsingar um innra mat sitt ber leikskólanum að birta opinberlega.

Markmið innra mats er samkvæmt lögnum að veita upplýsingar um skólastarfið til viðeigandi hagsmunaaðila, tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skólastarf, auka gæði starfsins og stuðla að umbótum og tryggja rétt barna til þeirrar þjónustu sem þau eiga rétt á. Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd innra mats og fylgir eftir umbótum sem byggðar eru á niðurstöðum þess.

Leikskólinn Akur tekur þátt í reglubundnu mati, líkt og aðrir skólar Hjallastefnunnar, en stendur einnig fyrir mati á þeim þáttum sem tilheyra einungis Akri. Sjálfsmat leikskólans Akurs fer fram með formlegum, kerfisbundnum og reglulegum hætti, markvisst er unnið úr niðurstöðum og þær skjalfestar og nýttar til umbóta auk þess sem leikskólinn birtir þær niðurstöður sem við á.

Samkvæmt námskrá Hjallastefnunnar er dagskipulag leikskólans í föstum skorðum og skiptist leikskólatími barnanna jafnt milli kennslu og frjáls leiks barnanna. Því er óþarfi fyrir leikskólann Akur að standa fyrir úttektum á skiptingu skólatímans í leik, kennslu og daglegar venjur þar sem sú skipting liggur fyrir samkvæmt námskrá sem ætíð er fylgt nákvæmlega eftir. Einnig eru gæði leikefnis fyrirliggjandi samkvæmt námskrá Hjallastefnunnar þar sem nákvæmlega er tiltekið hvaða leikefni skuli vera í boði og hvernig það skuli vera frágengið. Lýsingu á leikefni Hjallastefnunnar má sjá í Starfslýsingum Hjallastefnunnar.

Líðan og þroski barna og foreldrasamstarf

Fyrsta meginregla Hjallastefnunnar fjallar um að mæta hverju barni eins og það er. Þessi einfalda regla er höfð í heiðri hvað varðar samskipti og þjónustu við börn og foreldra. Það er markviss stefna leikskólans að breyta starfi sínu ef þarfir eins einasta barn krefjast þess.

Matstæki á líðan og þroska barna:

Skráningarblað f. hópatíma.

Með skráningarblaði fyrir hópatíma er skráð daglega hvað fer fram í hverjum hópatíma og er skráningarblaðið til sýnis fyrir foreldra í fataklefa. Það er á ábyrgð hvernar hópstýru/stjóra að skrá á skráningarblaðið.

Talningablað fyrir hópatíma.

Með talningablaði fyrir hópatíma er hægt að sjá hversu stór hluti hópatímanna (kennslunnar) hefur farið í einstaka námsþætti og verkefni. Þannig er auðvelt að fylgjast með áherslum í uppeldisstarfinu. Kjarnastjóri eða hópstjóri merkir inn á talningablað eftir hvern mánuð og talið er reglulega út úr hópatímaskráningunni. Á kjarnafundum, starfsfólksfundum eða

á öðrum tímum eru þessar skráningar ræddar. Það er á ábyrgð stjórnenda að sjá til þess að þessi talning fari fram.

Skráningarblað fyrir val.

Í hverjum valtíma er val barnanna skráð. Það er á ábyrgð þess kennara sem stýrir valfundi í það skiptið að sjá til þess að valskráningin fari fram.

Talning á vali.

Mánaðarlega er val barnanna talið út og tölfræði þess birt foreldrum í fataherbergi kjarnans. Hver kjarni fyrir sig er ábyrgur fyrir valtalningu og að úrvinnsla fari fram.

Gátlisti fyrir valfundi og valsvæði

Hjallastefnan útbjó gátlista sem ætlaður er til að auðvelda starfsfólki að rýna í starf sitt. Niðurstöður listans eru ekki ætlaðar til opinberrar birtingar eða samanburðar af nokkru tagi heldur einungis til hagsbóta fyrir leikskólann sjálfan. Skólastýra ber ábyrgð á því að innra mat fari fram í leikskólanum sem og að unnið sé að umbótum á því sem upp á vantar. Gátlistinn skal keyrður einu sinni á skólaárinu.

Sérkennsla/stuðningur

Við leikskólann starfa tveir þroskaþjálfar í 100% starfi og er önnur þeirra sérkennslustjóri. Leikskólinn er með verktakasamning við talmeinafræðing og sálfræðing og hefur því nokkra sérstöðu varðandi athuganir þessara aðila en biðtími er styttri en almennt er. Leikskólinn tekur mið af verkferlum Reykjanesbæjar varðandi sérkennslu og vinnur út frá því t.d. við gerð einstaklingsnámsskráa, en tekur einnig mið af verkferlum Hjallastefnunnar. Í leikskólanum er starfrækt ráðgjafateymi sem svipar til nemendaverndarráðs. Í ráðgjafarteyminu eru sérkennslustjóri, þroskaþjálfari, skólastjóri og sálfræðingur. Teymisfundir eru haldnir eftir þörfum með sérkennslustýru, kennurum barns, stuðningsaðilum, foreldrum og sérfræðingum eftir þörfum.

Leikskólinn starfar eftir lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Tengiliðir skólans eru Helga Adrésdóttir sérkennslustjóri, Erla Ragnarsdóttir þroskaþjálfari og Sigrún Gyða Matthíasdóttir skólastjóri. Nánari upplýsingar um farsældarlögin má finna á heimasíðu leikskólans, www.leikskolinnakur.is.

Gátlistar fyrir foreldraviðtöl

Á hverju skólaári fyllir hver kennari út gátlista yfir þroska og almenna færni umsjónarbarna sinna. Með þessu móti er fylgst reglulega með þroska og framförum hvers barns og gefst þá tækifæri til þess að vinna með veikleika ef þeir eru fyrir hendi. Gátlistinn er sýndur foreldrum í formlegu foreldraviðtali sem fram fer einu sinni á önn. Það er á ábyrgð kjarnastjóra að hafa umsjón með útfyllingu gátlista og eftirfylgd þeirra. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

TRAS

TRAS (n. Tidlig registrering af språkuðvikling) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndunum. Stór hluti kennara á Akri hefur farið á TRAS námskeið og hjálpast kennarar að við að fylla út skráningarlista til að öðlast betri þekkingu á málþroska út frá ákveðnum málþáttum, en það hjálpar kennurum að hafa yfirsýn yfir það hvaða börn eru með frávik í málþroska. Niðurstöður skráningarlistans er síðan hægt að nýta í markvissa íhlutun og velja málörvunarefni við hæfi. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og lestrartileinkun seinna meir. Umsjón og eftirfylgd með þessum þætti er í höndum sérkennslustýru.

Foreldrakönnun Hjallastefnuskóla

Einu sinni á ári fer fram formleg tölfræðileg könnun á ánægju foreldra með fjölmarga þætti skólastarfsins svo og mat þeirra á líðan og ánægju barna sinna og samskipti við starfsfólk. Könnunin hefur á undanförunum árum verið rafræn og farið fram í gegnum tölvupóstfang foreldra en niðurstöður eru órekjanlegar til einstakra foreldra. Það er á ábyrgð Reykjanesbæjar að þessi könnun fari fram og er tölfræðileg úrvinnsla í þeirra höndum. Niðurstöður foreldrakönnunar eru síðan birtar foreldrum á heimasíðu leikskólans og ítarlega er farið yfir niðurstöður á starfsmannafundi svo og á teymisfundi stjórnenda Hjallastefnuleikskóla þar sem styrkleikar eru metnir og umbætur fundnar á því sem þörf er á. Nánar má lesa um tilhögun foreldrasamstarfs í ársskýrslum skólans.

Myndasafn leikskólans

Leikskólinn leggur áherslu á að veita foreldrum innsýn í daglegt starf barnanna. Myndir úr leik og námi eru reglulega teknar og þeim deilt með fjölskyldum barnanna. Á meðan unnið er að uppbyggingu nýrrar heimasíðu fyrir leikskólann er forritið Sway nýtt til miðlunar mynda úr skólastarfinu. Markmiðið er að styrkja þannig samstarf heimilis og skóla og gefa foreldrum kost á að fylgjast með viðfangsefnum og upplifun barna sinna í leikskólanum.

Útskriftarbók (ferilmappa/portfolio)

Ferilmappa leikskólabarna á Akri kallast *Leikskólabókin mín* en í hana eru bæði færð verkefni sem barnið vinnur í tiltekinni lotu í Kynjanámskránni á hverju skólaári og eru því dýrmætt tæki í mati á þroska barnanna, en einnig eru sett í ferilmöppuna önnur verkefni svo og sérstök myndlistarverkefni og myndir og lýsingar á öðru sem kennurum þykir hafa varðveislugildi. Umsjón ferilmöppu er á ábyrgð hópstýru/stjóra barnsins.

Óformlegt mat á ýmsum þáttum

Óformlegt símat á frammistöðu sinni í foreldrasamskiptum og uppeldisstarfi hefur löngum verið eitt helsta stolt Hjallastefnuleikskóla. Í leikskólum Hjallastefnunnar hefur ætíð verið lögð mikil áhersla á að kennari sé til staðar þegar börn koma eða fara og hefur sá kennari það hlutverk að flytja skilaboð um ýmsa þætti sem lúta að velferð barnsins milli skóla og foreldra svo og að „taka púlsinn“ á viðhorfi foreldra til skólans og líðan barnanna. Kennarar nota skilaboða hluta Karellen kerfisins mikið til upplýsingagjafar. Aftur á móti ef erindið er mikilvægt hringja kennarar eða hitta á foreldra í upphafi eða lok dags. Á Akri er áhersla lögð á góð og gagnkvæm samskipti við foreldra og við lítum það jákvæðum augum ef foreldrar vilja velja fyrir sér leikskóla kennslunni með okkur. Foreldrar eru alltaf velkomnir í spjall við hópstýrur/stjóra sem og skólastýrur.

Starfsfólk og stjórnun

Önnur meginregla Hjallastefnunnar leggur út frá því „að jákvæðni, gleði og kærleikur ráði alltaf ferðinni milli starfsfólks og gagnvart börnum og foreldrum.“ Þessi meginregla er í raun starfsmannastefna leikskólans svo og jafnréttisáætlun hans.

Á leikskólanum Akri starfa í júní 2026, 17 hópstýrur/stjórar við leikskólann, en auk þess starfa leiðbeinendur inni á kjörnum sem brúa veikindi, leyfi og undirbúning starfsfólks. Við leikskólann starfa tveir þroskaþjálfar og er önnur þeirra sérkennslustýra. Leikskólastýra og meðstjórnandi sjá um daglegan rekstur, bera ábyrgð á öllu sem viðkemur skólalögreglu, faglegu og fjárhagslegu ásamt því að leysa af í húsi ef þörf er á. Starfsfólkshópurinn á Akri er með fjölbreytta menntun, samtals eru sex kennarar með leyfisbréf, þrjár með þroskaþjálfamenntun en til viðbótar eru nokkrir aðilar í kennaranámi, þroskaþjálfrafræðum og sálfræðinámi. Til viðbótar eru tveir kennarar sem tala tákmal sem eru markvisst að kenna það börnum og starfsfólki skólans.

Matráður stýrir eldhúsinu á Akri og matráður er henni til aðstoðar í eldhúsinu. Þær sjá um allt sem snýr að eldamennsku fyrir börn og starfsfólk. Einnig sjá þær í eldhúsinu um öll innkaup fyrir eldhúsið. Á Akri eru svokölluð síprif, sem virkar þannig að skólin er þrífinn jafnt og þétt yfir skóladaginn. Einn starfsmaður sinnir síprifum um allan skólann ásamt því að starfsfólk inni á kjörnum yfirborðsspritta allt tvisvar á dag. Starfsfólk Akurs er samtals 44, flest í fullu starfi en einnig eru nokkur í hlutastarfi.

Starfsfólkskönnun

Einu sinni á ári er lögð könnun fyrir allt starfsfólk Hjallastefnuskóla þar sem spurt er um afstöðu þeirra, líðan og mat á einstökum þáttum starfs síns og starfsemi leikskólans s.s. endurmenntun starfsfólks, samskipti á vinnustaðnum, starfsanda í leikskólanum, líðan starfsfólks, samstarf, verkaskiptingu, stjórnun leikskólans svo og mat á eigin starfi. Könnunin er rafræn og eru svörin órekjanlega til einstaka starfsfólks. Síðan eru niðurstöðurnar bornar saman við aðra skóla innan Hjallastefnunnar. Annað hvert ár gerir Skólapúlsinn könnunina og þá er hægt að bera skólann saman við aðra skóla á landinu.

Hjallastefnan ehf. er ábyrg fyrir því að könnunin fari fram. Tölfræðileg úrvinnsla er í höndum Skólapúlsins þegar hann leggur fyrir könnun og stjórnenda Hjallastefnunnar þegar þau leggja fyrir könnunina. Niðurstöður starfsfólkskönnunarinnar eru birtar starfsfólki auk þess sem ítarlega er farið yfir niðurstöður á starfsfólksfundi svo og á teymisfundi stjórnenda Hjallastefnuleikskóla þar sem styrkleikar eru metnir og umbætur fundnar á því sem þörf er á.

Starfsskýrsla

Árlega er gerð starfsskýrsla. Gerð þessarar skýrslu er í höndum leikskólastýru og aðstoðarleikskólastýru. Í starfsskýrslu koma fram allir helstu þættir leikskólastarfsins eins og þeir voru framkvæmdir það starfsár sem skýrslan fjallar um auk útlekkingar á því hvernig leikskólinn uppfyllir markmið Aðalnámskrár leikskóla. Starfsskýrslan er opinbert gagn og er afhent Reykjanesbæ. Lesa má starfsskýrsluna á heimsíðu skólans www.leikskolinnakur.is.

Yfirferð kannanna fer fram á fundi stjórnendateymis Hjallastefnunnar. Sjálfsrýni stjórnenda leikskólans á frammistöðu sinni fer fram tvisvar á ári í kjölfar foreldra- og starfsfólks kannanna. Þar gefst tækifæri til að rýna þá þætti starfsins sem krefjast umbóta og einnig á þá styrkleika sem skólinn býr yfir. Í kjölfar þessara kannana taka stjórnendur til svör, skýringar og umbótaáætlanir yfir þá þætti sem betur mega fara og er þetta birt ásamt niðurstöðum kannana á viðeigandi stöðum á vef skólans. Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar ehf. ber ábyrgð á því að þetta endurmat fari fram.

Yfirferð talningarblaðs fyrir hópatíma fer fram á kjarnafundum. Kjarnafundir eru haldnir tvisvar til fjórum sinnum á hverju skólaári, þar gefst starfsfólki hvers kjarna tækifæri til þess að endurmeta störf sín og ræða málefni kjarnans. Á þessum fundum er farið í gegnum talningu á hópatímaskráningu og áherslur í uppeldisstarfinu yfirfarnar og gætt að því að kennslustarfið uppfylli markmið Aðalnámskrár leikskóla svo og markmið Hjallastefnunnar. Þetta er mikilvægt tækifæri til sjálfsrýni kennara á eigið starf og er notað til umbóta á áherslum ef þörf krefur.

Auk þess eru haldnir vikulegir kjarnastjórafundir þar sem farið er yfir helstu viðfangsefni liðinnar viku, stöðu mála innan skólans og þar sem fram undan er. Fundirnir stuðla að samræmdu upplýsingaflæði, samvinnu og samráði milli kjarna. Kjarnastjórar bera ábyrgð á að koma upplýsingum og ákvörðunum fundanna áfram til starfsfólks síns kjarna og tryggja þannig að allt starfsfólk sé upplýst um helstu málefni skólstarfsins.

Forföll, fjarvera og önnur rekstrarleg skráning

Skólinn notar Payday til launavinnslu. Utanumhald fjarvista og orlofsréttinda fer fram í OneDrive auk þess sem verið er að þróa nýtt kerfi til að halda betur utan um þessar upplýsingar. Ráðningarsamningar, prófskírteini, starfsvottorð og önnur starfsfólksgögn eru geymd í skjalaskáp skólans.

Þróunarverkefni

Árið 2019 setti Hjallastefnan af stað Þjálfunaráætlun. Árið 2022 var ákveðið að þróa verkefnið enn frekar og breyta um gír. Allt nýlegt og nýtt starfsfólk fer í gegnum þjálfun á

Hjallastefnunni sem hugmyndafræði. Búin hafa verið til sjö 40-45 mín myndbönd sem gert er ráð fyrir að allir nýliðar horfi á. Auk þess er lesefni úr Handbók Hjallastefnunnar sem starfsfólk les í hverri viku og skráir hjá sér hugleiðingar og spurningar tengdar efni vikunnar. Í framhaldi taka þau svo þátt í umræðutíma með stjórnendum og fara yfir þær hugleiðingar og spurningar sem hafa vaknað um efnið.

Hjallastefnunni finnst mikilvægt að öll þau er kjósa að starfa með börnum í Hjallastefnuskóla þurfa að mennta sig í hugmyndafræði Hjallastefnunnar og kynna sér hvernig hún birtist í kennsluháttum, í samskiptum við börn og fullorðna og í daglegu starfi skólans. Það er hvers skóla fyrir sig að kynna hugmyndafræðina fyrir nýju starfsfólki, en fræðamiðstöð Hjallastefnunnar býður upp á þessa þjálfun sem komið var inná hér að framan. Tilgangurinn er að kynna menntunarkosti fyrir kennara, hópstjóra og þau sem ætla sér að dýpka skilning sinn. Hugmyndin með slíku nýliðanámskeiði er að veita leiðbeiningar um hugmyndafræði Hjallastefnunnar með hliðsjón af Handbók og öðrum efnivið.

Skólinn hefur jafnframt lagt áherslu á þróun verkefna sem styrkja samfélag skólans og reynslunám barnanna. Þar má nefna fjölskyldumorgna sem skapa tækifæri fyrir fjölskyldur til að taka þátt í skólastarfinu og efla tengsl heimilis og skóla. Einnig hefur hæsnaverkefnið fest sig í sessi sem mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem börn fá tækifæri til að læra um ábyrgð, umönnun, náttúru og sjálfbærni með beinni þátttöku.

Skólanámskrá leikskólans

Skólanámskrá leikskólans var endurskoðuð vorið 2026 og hún birt á heimasíðu leikskólans. Að þróun námskrárinnar koma ýmsir hagsmunaaðilar skólans: starfsfólk, stjórnendur, foreldrar og börnin sjálf. Að auki fór fram miðlæg endurskoðun á einstökum hlutum námskrárinnar á vegum Hjallastefnunnar ehf. og snýst sú endurskoðun um þá þætti er lúta að heildarnámskrá Hjallastefnunnar og Aðalnámskrár leikskóla.

Aðbúnaður og eftirlit opinberra aðila

Ytra mat með starfi leikskólans er í reglubundnum farvegi. Heilbrigðiseftirlit, eldvarnaeftirlit svo og eftirlit með slysavörnum barna fer fram með reglulegum hætti og eftir opinberum reglum þar um. Slysu eru skráð á slysskráningablöð, sem síðar mun færast inn á innra net nýju heimasíðunnar, og er hægt að fletta upp slysum þegar heilbrigðiseftirlit óskar þess. Leikskólinn starfar eftir öryggisreglum og er tími kominn á góða upprifjun. Útisvæði leikskólans er rekstrarskodað reglulega af rekstraraðila og aðalskodað einu sinni á ári af faggildum aðila.

Í leikskólanum Akri er virkt innra eftirlit í eldhúsi og starfar það í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Skólamaturinn á Akri er eldaður á staðnum og eru tvær sem sjá um alla matseld. Matseðlagerð er miðuð við staðla lýðheilsustöðvar. Að auki stendur Hjallastefnan reglulega fyrir því að matarstaðlar hennar eru yfirfarnir með aðstoð næringarfræðings.

Ytri tengsl

Um ytri tengsl er fjallað í ársskýrslum skólans en mestu tengslin eru við aðra grunnskóla í nærumhverfinu með vettvangsferðum og heimsóknum að vori þar sem því verður við komið og á í samvinnu við aðrar stofnanir nærsamfélagsins. Grunnskólar í nærsamfélagi Akurs eru tveir, Akurskóli og Stapaskóli. Flest börn sem eru á Akri fara í þessa skóla eftir að leikskólagöngu lýkur. Unnið er í samstarfi við Akurskóla sem og við vinaleikskólann Holt að verkefni sem heitir Brúum bilið. Þá erum við á Akri í góðu samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja með verkefnið um Loga og Glóð eða Bjössa Brunabangsa. Lögreglan hefur einnig frætt börnin um umferðaröryggi. Akur heldur öllum eðlilegum tengslum við atvinnu- og menningarlíf sveitarfélagsins, heilsugæslu, umferðarráð og barnaverndaryfirvöld eftir þörfum.

Samantekt og lokaorð

Innra mat leikskólans Akurs fyrir skólaárið 2025–2026 sýnir að starfið er faglega unnið, vel skipulagt og í góðu samræmi við markmið Aðalnámskrár leikskóla og hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Starfsfólk leikskólans sýnir mikla ábyrgð og fagmennsku í starfi og niðurstöður kannana endurspeglar almennt góða líðan barna, ánægju foreldra og jákvæðan starfsanda.

Leikskólinn leggur ríka áherslu á að hver rödd heyrist og að þátttaka allra – barna, foreldra og starfsfólks – skipti máli í umbótastarfi. Áfram verður unnið að því að þróa og styrkja eftirfarandi þætti:

- Markvissa málörvun og snemmtæka íhlutun
- Eflingu teymisvinnu kennara og fagþróunar
- Aukið upplýsingaflæði og þátttöku foreldra
- Stöðugt eftirlit með gæðum námsumhverfis og vellíðan barna

Innra matið er lifandi ferli sem miðar að því að tryggja börnum á leikskólanum Akri bestu mögulegu náms- og uppeldisskilyrði. Með samstilltu átaki starfsfólks, foreldra og Hjallastefnunnar ehf. verður áfram byggt á sterkum grunni leikskólans og haldið áfram að þróa metnaðarfullt, faglegt og kærleiksrikt skólastarf í þágu barnanna.